

Umdæmisstjóri - Governor 2011 -2012 Ragnar Örn Pétursson



Ragnar Örn Pétursson úr Kiwanisklúbbnum Keili í Keflavík tók við sem umdæmisstjóri 1. október 2011. Ragnar Örn gekk til liðs við Kiwanishreyfinguna árið 1991 og hefur verið starfandi í 20 ár. Hann hefur gengt flestum embættum í Keili og frá 1999 má segja að hann hafi verið viðloðandi umdæmisstjórn með nokkrum frávikum. Hann þekkir því vel til innviða hreyfingarinnar. 1999 tók hann við embætti formanns þingnefndar í umdæmisstjóratíð Guðmundar Péturssonar í Keili. Á þessum tíma sem liðinn er hefur hann verið ritstjóri Kiwanisfréttanna í fimm ár og auk þess upplýsinga- og blaðafulltrúi í tvö ár. Ragnar Örn var svæðisstjóri í Ægissvæði 1996-97 og formaður fjölgunarnefndar í umdæmisstjóratíð Sigurðar R. Péturssonar 2004-2005. Ragnar Örn starfar nú sem íþróttafulltrúi hjá Reykjanesbæ og hefur gengt því starfi í 15 ár og hefur verið formaður Starfsmannafélags Suðurnesja frá 1999. Hann hefur setið í stjórn BSRB frá þeim tíma. Hann er Reykvíkingur en flutti ásamt fjölskyldu sinni til Keflavíkur 1984 þar sem hann var í veitingarekstri í Keflavík og rak veitingasölu í Leifsstöð í átta ár. Ragnar Örn er menntaður framreiðslumaður og hefur einnig lokið diplomunámi í Tólmstunda- og félagsmálafræði frá KHÍ. Á árum áður starfaði hann sem íþróttufréttamaður á Tímanum, Vísi og Ríkisútvarpinu og var fréttaritari RÚV á Suðurnesjum um 15 ára skeið. Ragnar Örn er giftur Sigríði Sigurðardóttur starfsmanni Sundmiðstöðvarinnar og félagi í Sinawik í Keflavík. Þau eiga fjögur börn og sjö barnabörn og það áttunda er væntanlegt í

jólamánuðinum.

Kjörorð umdæmisstjórnar 2011 – 2012 Margar hendur vinna létt verk

Markmið umdæmisins starfsárið 2011 – 2012

Vinna – Saman Standa – Saman Fjölga – Saman Gaman - Saman